



## Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

### FUNDUR - 16. nóvember 2004

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 53. fundar þriðjudaginn 16. nóvember 2004 kl. 17:00 í Félagshönnun. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnáði honum.

Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 27. október 2004.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 4. nóvember 2004.
3. Fundargerð bæjarráðs frá 11. nóvember 2004.
4. Fundargerð fræðslu-, íþróttá- og tómstundanevndar frá 20. október 2004.
5. Fundargerð skipulags- og byggingarnevndar frá 3. nóvember 2004.
6. Fundargerð hafnar- og veitunevndar frá 9. nóvember 2004.
7. Fundargerð húsnæðisnevndar frá 10. nóvember 2004.

Afgreiðslur:

Óskað var eftir því að upp verði tekinn liðurinn önnur mál og fundurinn samþykkti það.

1. Fundargerð 100. fundar bæjarráðs frá 27. október s.l. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 8 liðum. Miklar umræður urðu um fundargerðina, að þeim loknum bar forseti fundargerðina upp og hún var samþ. með 7 atkv. samhljóða.
2. Fundargerð 101. fundar bæjarráðs frá 4. nóvember s.l. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 5 liðum. Fundargerðin borin upp og samþ. með 7. atkv. samhljóða.
3. Fundargerð 102. fundar bæjarráðs frá 11. nóvember s.l. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 9 liðum. Fundargerðin borin upp og samþ. með 7 atkv. samhljóða.
4. Fundargerð fræðslu-, íþróttá- og tómstundanevndar frá 20. október s.l. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 3. liðum. Fundargerðin borin upp að lokinni umfjöllun og samþ. með 7 atkv. samhljóða.
5. Fundargerð skipulags- og byggingarnevndar frá 3. nóvember s.l. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 5 liðum. Fundargerðin borin upp og samþ. með 7 atkv. samhljóða.
6. Fundargerð hafnar- og veitunevndar frá 9. nóvember s.l. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 2. liðum. Fundargerðin borin upp og samþ. með 7 atkv. samhljóða.

7. Fundargerð húsæðisnefndar frá 10 nóvember s.l. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 3. liðum. Forseti bar fundargerðina upp, hún var samþ. með 7 atkv. samhljóða.

Önnur mál:

- A) Tilkynning frá Á-lista, um breytingar á fulltrúum í nefndum:

Í menningar- og safnanefnd:

Aðalmaður: Valdimar Guðmannsson

Varamaður: Hólmfríður Björk Jónsdóttir

Í húsæðisnefnd:

Aðalmaður : Gunnlaug Kjartansdóttir

Varamaður: Hólmfríður Björk Jónsdóttir

- B) Svohljóðandi ályktun var samþ. með 7 atkv. samhljóða.

*Bæjarstjórn Blönduóssbæjar fagnar þeim tillögum sem fram koma í skýrslu starfshóps um mögulega sameiningu opinberra matvælarannsóknna í eina stofnun eða fyrirtæki sem heyri undir sjávarútvegsráðuneytið. Um er að ræða rannsóknir sem nú er sinnt af fjórum stofnunum. Bæjarstjórn skorar hér með á stjórnvöld að starfsemi Matvælarannsóknastofnunar Íslands verði staðsett á Blönduósi enda samræmist það bæði þeirri framtíðarsýn sem bæjarstjórn hefur markað sér sem og þeirri stefnu stjórnvalda að fjölga störfum og opinberri þjónustu á landsbyggðinni.*

*Greinagerð:*

*Bæjarstjórn Blönduóssbæjar hefur þegar kynnt stjórnvöldum þá framtíðarsýn sveitarfélagsins að verða leiðandi á sviði matvælaíðnaðar undir merkjum nýsköpunar, vöruþróunar, rannsókna og framleiðslu. Í þeirri kynningu hefur komið fram að þeim markmiðum verði einungis náð með stuðningi og samstarfi við stjórnvöld. Grunngerð á Blönduósi skapar góðar forsendur til uppbyggingar Matvælarannsóknastofnunar Íslands. Í sveitarfélaginu er aðgengi að nægu fyrsta flokks vatni, fullkomið fráveitukerfi, orka á samkeppnishæfu verði, atvinnuhúsæði og góð þekking á sviði matvælaíðnaðar. Samgöngur eru góðar og sveitarfélagið staðsett miðja vegu milli vaxtarkjarna höfuðborgar- og Eyjafjarðarsvæðisins. Stjórnvöld hafa ekki náð árangri að settum markmiðum sem fram koma í byggðaáætlun um að fjölga störfum og verkefnum í opinberri þjónustu á landsbyggðinni. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að Norðurland vestra er það svæði sem á hvað mest undir högg að sækja í atvinnumálum og því orðið afar brýnt að stjórnvöld hugi að uppbyggingu á fleiri svæðum en þeim sem skilgreind eru sem vaxtarkjarnar.*

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:15.

Valgarður Hilmarsson  
Valdimar Guðmannsson  
Jóhanna G. Jónasdóttir  
Jóna Fanney Friðriksdóttir  
Auðunn Steinn Sigurðsson

Ragnar Ingi Tómasson  
Ágúst Þór Bragason  
Þórdís Hjálmarsdóttir  
Hjördís Blöndal